

| | | |
|------------------|----------------------------------|---|
| FAS AUUM1AU05 | Álftatalningar í Lóni | Dagsetning ferðar: 4.04.2017 Skýrsla unnin: 5.04.2017 Sóley Lóa Eymundsdóttir |
|------------------|----------------------------------|---|

Tilgangur: Að telja álfir á Lónsfirði.

Efni og áhöld:

Teleskóp og sjónaukar.

Svifháfur til þess að taka vatnssýni.

Ruslapokar.

Ritföng og skráningarblöð.

Framkvæmd:



Mynd 1 - Horft út á Lónsfjörð frá útsýnispalli.

Lagt var af stað klukkan 8 um morguninn. Það var fremur kalt í þennan dag en það var suðvestan 11 m/s, 4°C og skýjahula 1/8. Farið var með rútu í ferðina. Með hópnum fóru einnig Kristín Hermannsdóttir frá Náttúrustofu Suðausturlands og Björn Gísli Arnarson frá Fuglaathugunarstöð

Suðausturlands.

Fyrsti talningarstaðurinn var austast

við Hvalnes en þar var aðeins farið út í nokkrar mínútur vegna þess að það var lítið af fugli og talningarmaðurinn, hann Björn Gísli hjá Fuglaathugunarstöðinni var fljótur að telja. Þá var farið aftur inn í rútuna og stoppað var á stað tvö sem er útsýnispallur. Þar fóru allir út og teknar voru myndir. Sjónaukanum var stillt upp á góðum stað og fylgdu ritarnir Birni Gísla og skráðu fjölda fugla jafnóðum. Á meðan var verið að telja fóru aðrir í hópnum að taka vatnssýni. Þegar verið er að taka vatnssýni er svifháf kastað út á vatnið, hann er dreginn inn og það sem er eftir í



Mynd 2- Svifháfur notaður til að taka vatnasýni.

háfnunum er sett í krukku.

Ljósmyndararnir í hópnum fengu það hlutverk að mynda sem mest frá ferðinni. Þá var tíminn notaður til að tína rusl í næsta nágrenni.

Eftir að búið var að telja fugla frá útsýnispallinum var gengið eftir fjöruborðinu í áttina að Vík. Á leiðinni var tínt rusl og skoðuð gömul hræ af álftum og öðrum fuglum. Á leiðinni var tekin

hópmynd.

Rútan kom fyrir austan Vík og það var farið á þriðja og seinasta staðinn við Svínhóla. Þar fóru aðeins ljósmyndari, ritari, kennari og talningarmaðurinn út, hinir voru eftir í rútunni.

Á leiðinni til baka var komið við á urðunarstað sveitarfélagsins sem er staðsettur í Lóni. Það var gert þar sem námsefnið í áfanganum hefur snúist að hluta um mikilvægi sorpflokkunar og endurvinnslu og því kjörið að skoða aðstæður.



Mynd 3 - Urðunarstaður sveitarfélagsins í Lóni.

Niðurstöður:

Það voru mun fleiri álfir núna heldur en í fyrra. Í fyrra voru þær um 979 í heildina en þetta árið voru þær 4121. Flestar voru taldar frá útsýnispallinum en þar voru þær 3352. Álfirnar hafa oftast verið flestar þar nema í fyrra þá voru þær aðeins 38 en þá var lónið líka að mestu þakið ís. Árið 2011 voru álfirnar langflestar en þá voru þær 6890 sem er næstum því helmingi meira heldur en í ár.

Í vatnssýninu sem vatn geymt í krukku fundust aðeins gróðurleifar en engar lífverur. Það var töluverður vindur þegar sýnin voru tekin og það gæti haft áhrif.

Þegar ruslið sem hópurinn tindi var flokkað má áætla að a.m.k. 95% þess hafi verið plast.

Samantekt/túlkun:

Það var margt nýtt sem lærðist í þessari ferð. Við fengum að sjá og vita hvernig álfir eru taldar. Margir halda að það sé mjög erfitt að telja fugla, eru jafnvel hræddir um að telja sömu fuglana aftur og aftur. Nemendum var bent á það að sjórinn skiptist í svæði, það getur verið litamunur eða mismiklar öldur og það er jafnvel hægt að sjá hvar fæðan er eftir því hvar fuglinn heldur sig. Þessi atriði eru notuð til að skipta sjónum í svæði og talið á hverju svæði fyrir sig. Ef ekki kemur styggð að fuglinum er hann tiltölulega rólegur og er á sama svæði.

Björn Gísli kom auga á hvalshræ á Hvalnesfjöru. Hræið sást vel í sjónauka og var mjög skemmtilegt að fá að sjá það.



Mynd 4- "Túristavörðu" eytt.

Þegar gengið var frá útsýnispalli komum við á stað þar sem nokkrir stórir kringlóttir steinar eru. Þar var tekin hópmynd og okkur var sögð saga um steinanna sem að voru þarna þar sem að þeir falla ekki beint inn í umhverfið.

Birgir Árnason bæjarverkstjóri kom og sýndi okkur ruslagryfjuna í Lóni. Það voru mjög

fáir í hópnum sem höfðu komið þangað áður

en þessi ruslagryfja samanstendur af rusli og vondri lykt, fannst mjög mörgum alla vega. Það

gerðu þó margir sér grein fyrir því hversu miklu rusli við erum að henda. Gryfjan með lífrænu leifunum vakti litla hrifningu enda lyktin þar nánast óbærileg.

Lokið við skýrslu 5. apríl 2017

Sóley Lóa Eymundsdóttir

Almennt um álfina

Álft eða svanur, hver kannast ekki við það að hafa ruglað þessu saman sem krakki en komist síðan að því að þetta er sami fuglinn.

Nafnið álft er dregið af latneska orðinu albus, en orðið albus þýðir hvítur. Álft hefur fræðiheitið *Cygnus cygnus* og er stærsti varpfugl Íslands. Álftin er alfriðuð sundönd. Hún hefur verið friðuð frá árinu 1914 en stofninn er nú áætlaður um 30.000 fuglar og varppör á milli 3000-4000 (2010). Íslenskar álfir dvelja flestar á Bretlandseyjum yfir veturinn en koma síðan til landsins á vorin en einn sá stærsti álftasamkomustaður í heiminum er á suðausturhorni landsins þar sem safnast oft meira en þriðjungur íslenska stofnsins. Álftin er eini innlendi svanurinn og mjög auðþekkjanleg frá öðrum íslenskum fuglum bæði á stærð, lit og löngum hálsi hennar. Kynin eru eins í útliti en fullorðin álft er alhvít en verður þó oft ryðrauð vegna leðju úr mýrunum þar sem þær verpa og eru á, þessi litur er á höfði og nær oft niður á bringu og kvið.

Hreiður álfarinnar er stór dyngja úr gróðri sem hún hefur reytt upp en svo er það fóðrað með dúni. Álfir parast saman til lengri tíma og nota jafnvel sama hreiðurstæðið í nokkur ár. Hún liggur á í 34-35 daga á 2-6 eggjum en þegar ungarnir klekjast út þá sjá báðir foreldrar um þá. Ungfuglarnir eða fuglar á fyrsta vetri eru oftast gráleitir en lýsast þegar líður á veturinn og eru orðnir hvítir að mestu leiti að vori.

Fullorðin álft er með gogg, hann er svartur fremst en verður síðan gulur. Álftin teygir hálsinn fram á flugi en heldur honum lóðréttum á sundi. Álftin getur verið allt frá 118 – 160 cm á lengd, vænghaf hennar er frá 218 – 243 cm. Fullorðinn fugl vegur 8 -12 kg og getur orðið allt að 30 ára gömul.

Álftin er jurtaeta og hún lifir mest á vatnagróðri, hún fer einnig í tún og þær taldar vera miklir skaðvaldar hjá bændum því þær sækja í nýgræðinginn á vorin og korn síðsumars. Á grunnsævi og í sjávarlónum er marhálmur, lónajurt og grænþörungur aðalfæðan. Þegar álftir stinga höfðinu ofan í vatnið til að ná í fæði kallast það að hálfkafa en það er einfaldlega til þess að ná til botns í dýpra vatni.

Flugið er mjög kröftugt með sterkum hægum vængjatökum. Álftin er það þung að hún ætti í rauninni ekki að geta flogið en aðalvopn fuglsins eru vængirnir. Fólk hefur orðið vitni af því að álft hefur barið fé, hunda og tófur til bana. En dýr gera jú oft hvað sem er til þess að vernda afkvæmi sín fyrir óvinum. Síðsumars fella álftirnar flugfjaðrir en þá er sagt að þær séu „í sárum“: Þegar þær eru á því stigi þá eru þær ófleygar í nokkurn tíma.

Álftir hafa verið meðal mannsins í margar aldir. Farleiðir þeirra hafa verið þær sömu í langan tíma en af því að við erum vön því að hafa þær hérna höfum við ekki veitt þeim neina ákveðna eftirtekt. Við lærðum margt á því að fara í þessa ferð annað en hvernig álftir eru taldar. Núna vitum við hvað við eigum að gera ef við sjáum dauðan fugl einhversstaðar og einnig hvernig beinagrind álftar lýtur út. Það eru örugglega margir sem að vissu þetta ekki áður en þeir fóru í þessa fræðslumiklu álftatalningu.

Heimildaskrá

Náttúruminjasafn Íslands. (3. mars 2015). *Álftin*. Sótt 3. apríl 2017 af:

http://nmsi.is/fugl_manadarins/alftin/

Námsháskóla Íslands - Námsgagnastofnun-Fuglavefurinn. (e.d.). *Álft-cygnus cygnus*. Sótt 3. Apríl 2017 af:

<http://www1.nams.is/fuglar/details.php?val=7&id=29>

Wikipedia. (2. apríl 2017). *Álft*. Sótt 3. apríl 2017 af:

<https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%81lft>